



SIGURÐUR ÓLAFSSON

F. 7. mars 1916 á Brimilsvöllum, Snæf., d. 14. ágúst 1993.

Faðir: Ólafur Bjarnason, bóndi á Brimilsvöllum, f. 10. apríl 1889 á Hofi á Kjalarnesi, d. 3. ágúst 1982, sonur Bjarna Sigurðssonar, bónda á Hofi og Brimilsvöllum, f. 12. ágúst 1853 í Þerney, d. 29. maí 1924, og Vigdísar Sigurðardóttur, f. 9. ágúst 1850 á Sandi í Kjós, d. 29. ágúst 1936.

Móðir: Kristólína Kristjánsdóttir, f. 4. ágúst 1885 í Norður-Bár í Eyrarsveit, d. 29. nóvember 1960, dóttir Kristjáns Þorsteinssonar, bónda í Hjallabúð, Fróðárhrr., og víðar, f. 7. ágúst 1856 í Fremri-Hrafnabjörgum í Hörðudal, d. 6. desember 1924, og Sigurlínar Þórðardóttur, f. 6. ágúst 1861 í Garðsenda í Eyrarsveit, d. 26. október 1928.

Stúdent frá MR, stærðfræðideild, 1936. Læknadeild HÍ 1936–1938. Nám í Reykjavíkur Apóteki sumarið 1938 – október 1941. Exam. pharm. frá Lyfjafræðingaskóla Íslands október 1941. Philadelphia College of Pharmacy and Science 1942–1943. B.Sc. þaðan nóvember 1943.

Lyfjafræðingur í Reykjavíkur Apóteki desember 1943 – júní 1962, staðgengill lyfsala öðru hverju 1950–1961, settur lyfsali í Reykjavíkur Apóteki maí 1961 – maí 1962. Lyfsali í Reykjavíkur Apóteki 1. júlí 1962 – 1. september 1982, er HÍ eignaðist apótekið. (Leyfisveiting 25. maí 1962.) Forstöðumaður Reykjavíkur Apóteks 1. september 1982 – 1. júlí 1991.

Formaður LFÍ 1944–1945, 1949–1950 og 1952–1953, meðstjórnandi 1945–1946 og 1955–1956. Í skólanefnd Lyfjafræðingaskóla Íslands 1953–1957, í lyfjaverðlagsnefnd 1960–1962, í stjórn Lífeyrissjóðs apótekara og lyfjafræðinga 1955–1961, formaður lyfjaskrárnefndar 1963–1973. Í stjórn AÍ 1969–1970, formaður 1974–1975. Í nefnd vegna endurskoðunar lyfsölulaga.

Í stjórn Íslensk-ameríska félagsins 1946–1958. Í stjórn Rotaryklúbbs Reykjavíkur 1971–1972, 1977–1978, 1980–1981, forseti 1981–1982 og umdæmisstjóri Rotary á Íslandi 1984–1985. Paul Harris félagi.

Ritstörf: *Lyfjasamheiti*, Reykjavík 1968.

Heiðursmerki: RF 1989.

Maki 15. desember 1944 Þorbjörg Jónsdóttir, f. 1. nóvember 1918 í Reykjavík, d. 20. mars 2002, dóttir Jóns Kristjánssonar, læknis í Reykjavík, f. 14. júní 1881 á Breiðabólstað í Vesturhópi, d. 17. apríl 1937, og Emilfu Sighvatsdóttur, f. 12. október 1887, í Reykjavík, d. 18. nóvember 1967.

Synir þeirra: 1) Ólafur verkfræðingur, f. 18. júní 1946 í Reykjavík, kvæntur a) Ásdísi Magnúsdóttur læknaaritara, f. 26. nóvember 1949, þau skildu, b) Helgu Kjaran kennara, f. 20. maí 1947. 2) Jón læknir, f. 22. september 1947 í Reykjavík, kvæntur Ásdísi Magnúsdóttur lyfjatrækni, f. 5. nóvember 1947.

Kristólína, móðir Sigurðar, Guðbjörg, amma Einars Magnússonar lyfjafræðings, og Geirþrúður, móðir Hallbjargar, konu Fischers Nielsen aðstoðarlyfjafræðings, voru systur. Þorbjörg, kona Sigurðar, er föðursystir Jóns og Ólafs Ólafssona lyfjafræðinga. Jón, faðir Þorbjargar, og Sigríður, móðir Ingibjargar Sigurjónsdóttur lyfjafræðings, voru systkinabörn í báðar ættir.